

73 Að svo miklu leyti sem lóðir hafa fylgt þurrabúðunum, sem landssjóð-
25. júní ur hefir fengið afgjald af, ber að senda upplýsingar um upphæð afgjaldanna
og tillögur um, hve mikið skuli hækka leigumála jarðanna.

74 **Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um leyfi til lotterihalds**
1. júlí (ágrip). — Með brjefi þessu var »hinu íslenska kvennfjelagi« leyft að halda
»lotterí« um kvennsöðul, 6 silfurskeiðar og gibsmýnd af gyðjunni Íðunni, gefa
út 2000 seðla og selja hvern á 25 aura, til inntektar fyrir »háskólasjóð Íslands».

Reglur

75
1. ágúst

fyrir umferð um brúna á Ölfusá hjá Selfossi.

1. gr.

Enginn má fara yfir brúna harðara en klyfjagang, hvort sem hann er riðandi
eða hann teymir eða hann rekur hesta, einn eða fleiri.

2. gr.

Hesta með klyffjum má aldrei reka yfir brúna, heldur skal ávallt teyma þá,
og hesta með trjádrætti skal ávallt teyma einn og einn.

3. gr.

Lausa hesta og stóð má aldrei reka yfir brúna fleiri í einu en 10, og ber öllum,
sem yfir brúna fara, að haga svo ferð sinni, að aldrei sje fleiri hestar en 10 á brúnni
í einu. Nautgripi má ekki fara með yfir brúna nema einn í einu, og þannig, að tveir
menn fylgi hverjum.

4. gr.

Brot á móti reglum þessum varða sektum, allt að 100 krónum, sbr. lög 24.
nóv. 1893, 1. gr., og fær sá, sem broti kemur upp, helming sektarinnar. Verði nokk-
ur uppvís að því að hafa skemmt brúna af ásettu ráði, þá varðar það fangelsi eða
sektum samkvæmt 295. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Reykjavík 1. ágúst 1894.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Styrkur til uppgjafapresta og prestsekkna.

Á Synodus, er haldin var 4. dag júlímánaðar, var fje því, að upphæð 3000 kr., sem
veitt er í 13. gr. A. b. 5 í fjárlögunum fyrir 1894 og 1895 auk 500 kr. af prestaekknasjóðn-
um og 81 kr. 40 a. af sjóði af árgjöldum brauða, samtals 3581 kr. 40 a., úthlutað á þann
hátt er hjer á eptir segir, og úthlutunin samþykkt með brjefi landshöfðingja 5. júlí að því
er landssjóðsstyrkinn snertir:

A. Uppgjafaprestar:

1. Síra Benedikt Eiríksson	frá Holtapíngum	35 kr.
2. — Þorvaldur Böðvarsson	— Saurbæ	75 —
3. — Jón Bjarnason	— Skarðspíngum	35 —
4. — Jón B. Thórarensen	— Saurbæjarpíngum	81,40
5. — Magnús Gíslason	— Sauðlauksdal	80 —
6. — Einar Vernharðsson	— Stað í Grunnavík	50 —
7. — Tómas Þorsteinsson	— Reynistað	30 —
8. — Gunnar Ólafsson	— Höfða	50 —

436,40